

Fundargerð

32. fundur í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 13. febrúar 2020 kl. 13:00 – 15:00

Mettir: Halldór Runólfsson (HR), formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Trausti Baldursson (TB), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH) og Steinunn Garðarsdóttir (SG). Þorvaldur Kristjánsson (ÞK) og Leó Alexander Guðmundsson (LAG) boðuðu forföll.

Auk þess sátu fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB) sem ritaði fundargerð og Emma Eypórsdóttir fráfarandi formaður (EE).

HR setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir því að fundarmenn kynntu sig.

1. Samþykkt dagskrár

Dagskrá var samþykkt án athugasemda.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 31. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi

- Landsáætlun erfðanefndar landbúnaðarins 2019-2023.
- Viðtal við BKB í Bændablaðinu um landsáætlun 24.10 2019.
- Afgreiðsla styrkumsókna.
- Ársfundur ERFPP í Gent Belgíu í ágúst.
- Framlag Íslands mun hækka 2021 úr 800 í 920 evrur.
Ný heimasíða ERFPP <https://www.animalgeneticresources.net>
Kynntar niðurstöður þriggja vinnuhópa ERFPP sem eru: *in situ*, *ex situ* og information and documentation.
Gengið formlega frá flutningi á skrifstofu ERFPP frá Slóveníu til Frakklands – verður þar næstu 3 ár.
Leiðbeiningar fyrir „Transboundary breeds“, hvernig best er að halda utan um upplýsingar um búfjárkyn sem eru flutt yfir landamæri.
Eugena <https://www.eugena-erfp.net/en/> sameiginlegur gagnagrunnur fyrir genbanka í Evrópulöndunum. Norðurlöndin eru að ræða þátttöku.
Stjórnarkjör.
Kynning á SAVE (Safeguard for Agricultural Varieties in Europe – NGO'S) samtökunum.
GenResBridge www.genresbridge.eu farið yfir stöðu verkefnisins.
- Nordgen húsdýraráð - Skype fundur í september og fundur í desember Osló.
- EVA námskeið í nóvember hjá Nordgen.
Native horse network – Þorvaldur Kristjánsson tekur þátt.
Halda viðburð í Svíþjóð í samstarfi við safn/garð sem varðveita húsdýr.
Rætt um hvernig Norðurlöndin geti tekið þátt í Eugena.
Sérstök útgáfa af Acta Agriculturae Scandinavica með ritrýndum greinum um húsdýr á Norðurlöndunum.
Næsti fundur í apríl.
Spurningakannanir koma á færibandi – mest um *ex situ* varðveislu - genbanka
- Erfðalindasetri hefur verið falið að sjá um skráningar forystufjár í skýrsluhald (Fjárnvís) í samstarfi við RML og Fræðafélag um forystufé. Nýlega veitti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 500 þús. kr. styrk til að aðlaga Fjárnvís betur að skráningum á forystufé.
- Bættar skráningar í Heiðrónu (skýrsluhald fyrir geitfé). Erfðalindasetur sótti um styrk til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins í samstarfi við RML.
- Eftirfylgni með styrkjum og ýmis tilfallandi verkefni.
- Ársskýrsla um starfsemi nefndarinnar send til ANR.

4. Umsóknir um innflutning á haugánum og fésuglum

HR hóf umræðu um umsóknir á innflutningi á haugánum og fésuglum. Fram kom að mat nefndarinnar væri að þessi innflutningur væri ekki á verksviði nefndarinnar, þó væri moltugerð með haugánum á jaðri þess að það varðaði erfðaaudlindir í jarðvegi.

Afgreiðsla: BKB falið að gera drög að umsögnum og senda til nefndarmanna

5. Rekstur 2019 og áætlun fyrir 2020

Erfðanefnd landbúnaðarins 2019

(Rekstraryfirlit 1.janúar - 31. desember)

Tekjur:

Óráðstafað eigið fé 31.12.2018	3.641.726
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR	7.675.065
Endurgreiðsla frá ERFPP v/funda	230.186
Samtals	11.316.791

Gjöld:

LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.226.000
Kostnaðarhlutdeild v/ bifreiða LbhÍ	18.810
Isnic lén www.agrogen.is	4.823
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyrindra og feldfjár	130.000
Styrkir 2019*	2.625.000
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	70.829
ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur)	108.750
ERFP fundir / Birna	389.891
Nordgen (Grin Global) fundur Magnus Göransson	100.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2017	175.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2018	612.500
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	875.000
ERL eftirstöðvar styrks 2017	102.500
Samtals	8.439.103

Eigið fé:

Rekstrarafgangur 31.12.2019	2.877.688
Framlag umfram ráðstöfun á árinu 2019	- 764.038
Samtals óráðstafað eigið fé 31.12.2019	2.113.650

* Ath 75% styrkja verði greitt út strax

Rekstraruppgjör fyrir árið 2019 var samþykkt.

Drög að áætlun fyrir 2020

Tekjur:

Óráðstafað eigið fé 01.01.2020	2.113.650
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR	7.665.046
Endurgreiðsla frá ERFPP vegna funda (áætlað)	200.000
Samtals	9.778.696

Gjöld:

Lbhí v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.226.000
Isníc lén www.agrogen.is	5.980
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyndra og feldfjár	130.000
Styrkir	4.000.000
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	70.000
ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur)	120.000
ERFP fundur/Birna	300.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2017	175.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2018	612.500
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	875.000
Samtals	9.514.480

Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé 01.01.2020	2.113.650
Framlag umfram ráðstöfun á árinu 2019	- 1.849.434
Samtals óráðstafað eigið fé 31.12.2020	264.216

Afgreiðsla: Rætt um mögulega uppfærslu á greiðslu til erfðalindaseturs og þátttöku í viðburði á Hvanneyrarhátíð. Formanni og BKB falið að endurskoða áætlunina og senda endurskoðaða útgáfu til nefndarmanna.

Yfirlit yfir stöðu verkefna sem hlutu styrk frá nefndinni 2017-2019

Verkefnastykir	Heiti verkefnis	Styrkupp hæð	Staða	Eftirstöðvar
2017				
Búnaðarsamtök Vesturlands/árlegur styrkur	Verndun sérkenna í ísl. Sauðfé	130.000	lokið	
Kynbótastöð ehf	Genbanki fyrir hrútasæði	400.000	lokið	
Eigenda- og ræktunarfél. ísl. Landnámsmshænsna	námskeið og námsefni	410.000	lokið	
Birna K. Baldursd/Jón Hallsteinn Hallsson Lbhí	Erfðamengi ísl. Geitarinnar	700.000		175.000
Fræðafélag um forystufé	Arfgerðargreining v/ riðu	700.000	lokið	
Samtals		2.340.000		
2018				
Verndun sérkenna í ísl. Sauðfé/BúVest	árlegur styrkur	130.000	lokið	
Sigurður Már Harðarson	Íslenskt búfé/Smáforrit	600.000		200.000
Magnus Göransson	Ætíðvönn- lífandi mynjar ræktunarsögu Norðurlandanna	700.000		175.000
Magnus Göransson	Safeguarding the past legacy for future barley breeding endeavors	450.000		112.500
Christina Joensen	The breeders of local domesticates in the North Atlantic and their motives	700.000		175.000
	- an exploratory study			
Samtals		2.580.000		
2019				
Verndun sérkenna í ísl. Sauðfé/BúVest	árlegur styrkur	130.000	lokið	
Amar Pálsson ofl. Hí	Erfðagreining á kynjahlutfalli í hrygningastofnum laxfiska	900.000		225.000
Marcos Lagunas ofl. Hí	Erfðabreytileiki og erfðatengsl urriða á Íslandi	800.000		200.000
Steinunn Garðarsdóttir/Yndisgróður Lbhí	Nýr gagnagrunnur og plöntuleit Yndisgróðurs	900.000		225.000
Jón Hallsteinn Hallsson/Birna K Baldursdóttir Lbhí	Geitahald á Íslandi, greining á stöðugleika geitahalds í tímans rás	900.000		225.000
Samtals		3.630.000		1.712.500

BKB hefur verið í sambandi við alla verkefnisstjóra um framvindu verkefna sem ekki er lokið.

6. Önnur mál

- Tillaga erfðanefndar landbúnaðarins að fulltrúum í vinnuhópum Nordgen og í Evrópusamstarfi (sjá töflu). Tillögur um nýja fulltrúa hjá Nordgen bíða staðfestingar þaðan. Rætt var um að nefndin boðaði fulltrúa í vinnuhópum Nordgen á fund til að upplýsa um gang mála.

Fulltrúar í norrænu og evrópsku samstarfi

Aðalmaður í stjórn Nordgen Varamaður í stjórn Nordgen	Emma Eyþórsdóttir Guðni Þorvaldsson (óstaðfest)
Húsdýraráð Nordgen	Birna Kristín Baldursdóttir Halldór Runólfsson (óstaðfest)
Skógur Nordgen	Brynjar Skúlason Hallur S. Björgvinsson
Korn Nordgen	óákveðið
Grös Nordgen	Guðni Þorvaldsson
Grænmeti, kartöflur o.fl.	Helgi Jóhannesson
Ávextir, ber og skrautjurtir Nordgen	Hjörtur Þorbjörnsson Samson B. Harðarson
Nordgen National Coordinator (NC) plöntur	Guðni Þorvaldsson (óstaðfest)
ERFP National Coordinator (NC)	Birna Kristín Baldursdóttir
ECPGR National Coordinator (NC)	Jón Hallsteinn Hallsson
Nordgen Erfðaaudlindir í skógrækt	Aðalsteinn Sigurgeirsson

- Hugmyndir að viðburðum á vegum EL
Rætt var um að bjóða upp á kynningu á Yndisgarði LbhÍ (fræðsluferð um garðinn) í tengslum við Hvanneyrarhátíð sem haldin er í byrjun júlí. Einnig var rætt um að hafa húsdýr sýnileg á hátíðinni með fræðslufni.
Afgreiðsla: SG og BKB falið að undirbúa viðburði í tengslum við Hvanneyrarhátíð.
- Auglýsing styrkja
Afgreiðsla: BKB falið að koma auglýsingu í BBL vegna styrkja.
- Fjármál nefndarinnar hafa verið hýst hjá LbhÍ og verður ekki breyting á því.
Afgreiðsla: Ákveðið var að fjármál nefndarinnar verði áfram hjá LbhÍ og BKB samþykki reikninga f.h. nefndarinnar sem starfsmaður LbhÍ með umboð frá formanni HR.
- Emmu Eyþórsdóttur voru færðar sérstakar þakkir fyrir störf sín í erfðanefnd landbúnaðarins bæði sem nefndarmaður og formaður.

7. Næsti fundur

- Áætlað er að halda næsta fund í maí 2020.